



FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

22. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn 29. september 2021 kl. 17,30 á kaffistofu Búðarstígs 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Árni Eiríksson formaður, Eggert Valur Guðmundsson varaformaður og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Einnig situr fundinn safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. **Starfsáætlun 2022.** Starfsáætlunin lögð fram. Gert er ráð fyrir áframhaldandi vinnu við að koma safnkosti fyrir í Búðarstíg 22. Söfnin verði opin fyrir almenning, skóla og aðra hópa. Nýr kynningarbæklingur og ný heimasíða munu líta dagsins ljós og markaðsstarf efti. Lögð hefur verið fram ósk um fjölgun faglegra starfsmanna þannig að frá og með 1. júlí verði þrjú faglegir starfsmenn við safnið og mun það efla faglegra starfsemi safnsins á allan hátt. Hafsjór nefnist sumarsýning safnsins sem mun teygja sig um flestöll húsakynnin.

2. **Rekstraráætlun 2022.** Rekstraráætlunin lögð fram. KPMG endurskoðun hefur yfirfarið áætlunina og samræmt í takt við form ársreikninga. Gert er ráð fyrir auknum launakostnaði vegna eflingar faglegrs starfs en hagræðingar vegna þess að Hafnarbrú 3 er ekki lengur í rekstri. Safnstjóra falið að rita greinargerð með rekstraráætluninni til að hafa með gögnum til Héraðsnefndar Árnesinga. Þar verði m.a. rökstuðningur fyrir auknu faglegu starfi. Stjórn Byggðasafns Árnesinga samþykkir rekstraráætlunina fyrir sitt leiti.

3. **Staða flutninga.** Búið er að tæma Hafnarbrú 3 af safnkosti og öðrum búnaði safnsins. Þrátt fyrir að búið sé að tæma Hafnarbrúna bíður starfsmanna mikið verk við að koma safngripum fyrir í Búðarstíg 22. Forvörður hefur verið starfsmönnum til ráðgjafar. Lítil sem engin óhöpp hafa orðið. Á morgun 30. september munu forsvarsmenn Alpan ehf, núverandi eigendur Hafnarbrúar 3, taka við lykllum, lesa af mælum og safnið hefur sagt upp fjargæslu hússins hjá Öryggismiðstöðinni. Hafnarbrú 3 er því úr sögunni sem innri aðstaða Byggðasafns Árnesinga en safnið tók við því nýbyggðu 19. apríl 2002.

4. **Starfsmannamál.** Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir safnvörður hefur óskað eftir sex mánuða launalaus leyfi frá ársbyrjun 2022 vegna starfsnáms í safnafræði. Safnstjóri hefur fallist á leyfið og leggur til að Linda Ásdísardóttir safnfræðingur og safnvörður við safnið 2008-2019 verði ráðin í hennar stað frá og með 1. desember 2021.

5. **Nýtt logo.** Að beiðni safnstjóra hefur Sýlvía Kristjánsdóttir grafískur hönnuður hannað nýtt einkennismerki fyrir Byggðasafn Árnesinga. Einkennismerkið vísar til áráskipsins Farsæls og gluggaforms á flestum sýningahúsum safnsins. Fundarmenn skiptust á skoðunum um tillögurnar.

6. **Starfsemin.** Safnstjóri greindi frá starfseminni undanfarna mánuði. Aðalverkefni faglegra starfsmanna hefur verið flutningur úr Hafnarbrú 3 í Búðarstíg 22. Sumarsýning safnsins Missir féll í góðan jarðveg og aðsókn að safninu snöggjum betri en 2020. Mjög mikil aukning er á komu skólahópa og má það þakka styrk Safnaráðs og þekkingu safnvarðar á skólafarfi. Bakkastofa hefur komið með marga erlenda og innlenda hópa í Húsið undanfarna vikur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18,50.

Árni Eiríksson
Eggert Valur Guðmundsson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir

Lýður Pálsson